

*Alþingi  
Erindi nr. P 131/64  
komudagur 12.11.2004*

Til nefndasviðs alþingis  
Efnahags og viðskiptanefnd

Reykjavík, 11. nóvember 2004

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytinga á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Landssambandið og mörg aðildarfélög þess hafa að undanfögnu fjallað um þær hugmyndir að skattabreytingum sem forustumenn ríkisstjórnarflokkana hafa verið að viðra.


Í umfjöllun okkar samtaka hefur komið fram hörð andstaða gagnvart þeim hugmyndum. Hinsvegar hefur verið bent á að t.d. lækkun á virðisaukaskatti á matvælum gæti verið mikil kjarabót fyrir eldri borgara. Þetta sjónarmið byggir m.a. á því að samkvæmt upplýsingum sem samtökin hafa fengið frá Ríkisskattstjóra um tekjur aldraðra, kemur í ljós að 50% framteljenda 68 ára og eldri höfðu undir 125 þúsund krónur í brúttó tekjur á árinu 2003. Og að 28% þess aldursflokks hafði undir 100 þúsund króna tekjur á mánuði það ár.

Það er því augljóst að þetta fólk notar mikið stærra hlutfall af sínum heildartekjum til matvælaþinga heldur en þeir sem tekjuhærri eru. Það er líka augljóst að örlítill lækkun á álagsprósentu tekjuskatts og útsvars gagnar þessu fólki ekki mikið.

Hinsvegar myndi veruleg lækkun verðs á nauðsynjavörum trúlega nýtast þessu fólki og öðru lágláunafólki best allra skattalaga breytinga.

Landssamband eldri borgara mælir því eindregið með að umrætt frumvarp til laga um lækkun virðisaukaskatts á matvæli verði samþykkt.

Virðingarfyllst,  
F.h. Landssamband eldri borgara



Benedikt Davíðsson